Nr. 1214 14. desember 2011

# GJALDSKRÁ

**fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunareftirlit á Álftanesi, í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.**

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

| | |
|---|---|
| Tímagjald | kr. 9.500 |
| Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun | kr. 10.500 |

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun. Heimilt er að breyta eftirlitsáætlun hjá einstaka fyrirtæki verði eftirlit frábrugðið s.s. vegna takmarkaðrar starfsemi, vottaðs gæðakerfis eða öflugs innra eftirlits og lækka gjaldið til samræmis. Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur. Um starfsemi sem er eftirlitsskyld og ekki kemur fram á fylgiskjali, viðauka A, greiðist eftirlitsgjald eins og um þjónustuverkefni væri að ræða.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

| | |
|---|---|
| Starfsleyfisgjald | eitt og hálft tímagjald |
| Auk auglýsingakostnaðar ef við á | |

Ný starfsemi:

| | |
|---|---|
| Starfsleyfisgjald | tvö tímagjöld |
| Auk eftirlitsgjalds viðkomandi fyrirtækjaflokks | |
| Auk auglýsingakostnaðar ef við á | |

Önnur leyfi:

| | |
|---|---|
| Leyfisgjald | tvö tímagjöld |
| og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á | |

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum skal greiða eitt tímagjald.

6. gr.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning.

Vegna beitingar þvingunarúrræða skv. VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og XI. kafla laga nr. 93/1995, með síðari breytingum, skal innheimta fyrir kostnaði eins og um aukin eftirlitsverkefni sé að ræða.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og aukin eftirlitsverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við fylgiskjal gjaldskrárinnar, viðauka A, og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallsins innheimtukostnaðar.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, skal eftir eðli og umfangi starfseminnar leggja saman eftirlitsgjöld vegna viðeigandi starfsemi. Heimilt er þó að innheimta eitt árlegt eftirlitsgjald, þá í þeim flokki sem hæstur er ef aukning umfangs í eftirliti er óveruleg.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Álftaness 24. nóvember 2011, bæjarstjórn Garðabæjar 1. desember 2011, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 9. nóvember 2011 og bæjarstjórn Kópavogsbæjar 13. desember 2011, með vísun til ákvæða 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, 21. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1105/2010 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnareftirlit á Álftanesi, í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

*Garðabæ, 14. desember 2011.*

F.h. heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis,

**Guðmundur H. Einarsson** framkvæmdastjóri.

**Fylgiskjal.**

VIÐAUKI A

**með gjaldskrá fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunareftirlit á Álftanesi, í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.**

| Númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Sýnafjöldi | Gjald kr. |
|---|---|---|---|---|
| 926200 | Akstursíþóttasvæði og/eða akstursæfingabraut | 1 | | 28.500 |
| 12401 | Alifuglarækt | 1 | | 38.000 |
| 522500 | Áfengisverslun | 0,25 | | 7.125 |
| 158102 | Bakarí, verslun, minni háttar veitingasala | 1 | 1 | 58.000 |
| 158103 | Bakarí | 1 | 1 | 58.000 |
| 158104 | Bakarí og veitingasala | 1 | 1 | 67.000 |
| 505002 | Bensínstöð, sala á matvöru og/eða varasömum efnum | 2 | 1 | 86.500 |
| 505000 | Bensínstöð, sjálfsafgreiðsla | 1 | | 30.875 |
| 502001 | Bílgrein, lítið bifreiða- og vélaverkstæði | 0,5 | | 14.250 |
| 5020010 | Bílgrein, lítil bónstöð, viðgerðaraðstaða o.þ.h. | 1 | | 14.250 |
| 5020011 | Bílgrein, ryðvörn o.þ.h. | 1 | | 47.500 |
| 5020012 | Bílgrein, smurstöð | 1 | | 28.500 |
| 5020013 | Bílgrein o.fl., geymsla og viðgerðir, lítið umfang | 0,5 | | 9.500 |
| 5020014 | Bílgrein o.fl., verkstæði fyrirtækja | 1 | | 33.250 |
| 5020015 | Bílgrein, hjólbarðaverkstæði | 0,5 | | 9.500 |
| 5020017 | Bílgrein, verkstæði fyrir þungavinnutæki o.þ.h. | 1 | | 57.000 |
| 5020020 | Bílgrein, bifreiða- og vélaverkstæði | 1 | | 33.250 |
| 5020050 | Bílgrein, margþætt starfsemi | 1 | | 66.500 |
| 5020070 | Bílgrein, bifreiðasprautun | 1 | | 33.250 |
| 5020080 | Bílgrein, réttingaverkstæði | 0,5 | | 14.250 |
| 5020090 | Bílgrein, þvotta- og bónstöð | 1 | | 28.500 |
| 5030040 | Bílgrein, partasala >3 stæði | 1 | | 47.500 |
| 9000100 | Brenna | 1 | | 28.500 |
| 853211 | Daggæsla í heimahúsi með > 6 börn | 0,5 | | 14.250 |
| 851143 | Dvalar- og hjúkrunarheimili | 2 | 1 | 86.500 |
| 852002 | Dýralæknastofa | 0,5 | | 14.250 |
| 930102 | Efnalaug og/eða þvottahús | 0,5 | | 33.250 |
| 851145 | Endurhæfingar-, dvalar- og hjúkrunarheimili með sundlaug | 4 | 3 | 145.500 |
| 372000 | Endurnýting úrgangs úr öðru en málmum | 1 | | 42.750 |
| 372001 | Endurnýting úrgangs | 1 | | 42.750 |
| 752301 | Fangageymsla | 0,5 | | 9.500 |
| 752302 | Fangelsi | 1 | | 38.000 |
| 853261 | Félagsaðstaða, kennsluhúsnæði, samkomustaður o.þ.h. án eldhúss | 0,5 | | 14.250 |
| 853262 | Félagsaðstaða, kennsluhúsnæði, samkomustaður o.þ.h. með eldhúsi | | | 19.000 |
| 522304 | Fiskbúð | 1 | 1 | 43.750 |
| 152020 | Fiskverkun – almenn | 1 | | 47.500 |
| 152090 | Fiskverkun – sérhæfð | 1 | | 57.000 |
| 552102 | Skíða- eða fjallaskáli | 0,5 | | 14.250 |
| 632302 | Flugvöllur án eldsneytisafgreiðslu | 0,25 | | 14.250 |
| 851491 | Fótaaðgerðarstofa | 0,5 | | 14.250 |
| 748102 | Framköllunarþjónusta | 0,5 | | 14.250 |

| Númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Sýnafjöldi | Gjald kr. |
|---|---|---|---|---|
| 11210 | Framleiðsla á baunaspírum | 1 | 1 | 43.750 |
| 156102 | Framleiðsla eða pökkun á korni | | | 53.350 |
| 266100 | Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu | 1 | | 33.250 |
| 15710 | Framleiðsla á dýrafóðri | 0,5 | | 19.000 |
| 158801 | Framleiðsla á matvöru til matvælavinnslu | 1 | 1 | 43.750 |
| 266300 | Framleiðsla á steinsteypu | 1 | | 33.259 |
| 252200 | Framleiðsla á umbúðaplasti | 1 | | 33.250 |
| 153304 | Framleiðsla tilbúinna rétta | 2 | 1 | 77.000 |
| 802101 | Fræðslustarfsemi án mötuneytis - framhaldsskólastig | 0,5 | | 23.750 |
| 802103 | Fræðslustarfsemi með mötuneyti - framhaldskólastig | 1 | 1 | 67.500 |
| 802204 | Fræðslustarfsemi - verknám í matvælavinnslu | 1 | 1 | 67.500 |
| 804220 | Fræðslustarfsemi, dansskóli, ökuskóli, tónlistarskóli o.þ.h. | 0,5 | | 14.250 |
| 631206 | Gasbirgðastöð | 1 | | 33.250 |
| 900004 | Gámastöð | 1 | | 19.000 |
| 551102 | Gisting, hótel, veitingasala | 1 | 1 | 67.500 |
| 551201 | Gisting – gistiheimili eða lítið hótel með veitingasölu | 1 | 1 | 43.750 |
| 551202 | Gistiheimili án veitingasölu | 0,5 | | 14.250 |
| 551204 | Gisting, heimagisting | 0,25 | | 7.125 |
| 261100 | Gleriðnaður, litill og minni háttar sala varasamra efna | 0,5 | | 14.250 |
| 261200 | Gleriðnaður | 1 | | 28.500 |
| 141100 | Grjótnám til mannvirkjagerðar | 1 | | 49.875 |
| 801001 | Grunnskóli án mötuneytis | 0,5 | | 23.750 |
| 801003 | Grunnskóli með mötuneyti | 1 | 1 | 67.500 |
| 524910 | Gæludýraverslun | 0,5 | | 14.250 |
| 853223 | Gæsluvöllur og opið leiksvæði | 1 | | 28.500 |
| 930200 | Hárgreiðslu- og snyrtistofa | 0,5 | | 16.625 |
| 930201 | Hárgreiðslustofa | 0,5 | | 14.250 |
| 851211 | Heilsugæslustöð | 0,5 | | 14.250 |
| 853110 | Heimili fyrir börn og unglinga | 0,5 | | 14.250 |
| 926202 | Hestaleigur, reiðskólar, hestaíþróttir | 1 | | 28.500 |
| 926203 | Hestaíþróttasvæði þ.m.t. reiðhöll | 1 | | 28.500 |
| 851494 | Húðflúrstofa | 2 | | 28.500 |
| 851495 | Húðgötun | 1 | | 28.500 |
| 926104 | Íþróttahús, lítið | 1 | | 28.500 |
| 926106 | Íþróttahús | 1 | | 47.500 |
| 926107 | Íþróttavellir | 1 | | 28.500 |
| 524613 | Járnvöruverslanir minniháttar sala á vörum sem innihalda hættuleg efni og eiturefni | 0,5 | | 15.438 |
| 555203 | Kaffihús, lítið | 0,5 | | 9.500 |
| 554002 | Kaffihús, krá, án matsölu | 1 | | 28.500 |
| 554001 | Kaffihús, krá, með matsölu | 1 | 1 | 67.500 |
| 9262020 | Kappaksturs- og æfingabraut | 1 | | 28.500 |
| 366300 | Kertaverksmiðja | 0,5 | | 6.175 |
| 151302 | Kjötvinnsla | 0,5 | | 19.000 |
| 158701 | Krydd- og bragðefnaframleiðsla | 1 | 0,5 | 38.500 |
| 921302 | Kvikmyndahús | 1 | | 28.500 |

| Númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Sýnafjöldi | Gjald kr. |
|---|---|---|---|---|
| 152080 | Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta | 1 | 2 | 53.250 |
| 923101 | Leikhús | 1 | | 28.500 |
| 853224 | Leikskóli án mötuneytis | 1 | | 47.500 |
| 853222 | Leikskóli með mötuneyti | 2 | 1 | 86.500 |
| 930401 | Líkamsræktarstöð, lítil | 0,5 | | 14.250 |
| 930402 | Líkamsræktarstöð | 1 | | 28.500 |
| 930405 | Líkamsræktarstöð, með heitum pottum | 2 | 1 | 67.500 |
| 244200 | Lyfjagerð | 1 | | 52.250 |
| 851221 | Læknastofa | 0,5 | | 14.250 |
| 851222 | Læknahús, röntgen, aðgerðastofa | 0,5 | | 16.625 |
| 142100 | Malar- og sandnám - efnistaka á vatnsverndarsvæði | 1 | | 66.500 |
| 553011 | Matsölustaður, lítill | 2 | 0,5 | 77.000 |
| 553012 | Matsölustaður | 2 | 1 | 96.000 |
| 521122 | Matvöruverslun með vinnslu | 2 | 1 | 67.500 |
| 521123 | Matvöruverslun án vinnslu | 2 | | 33.250 |
| 521124 | Matvöruverslun, lítil | 1 | | 19.000 |
| 523100 | Matvöru- og snyrtivörusala (sérhæfð s.s. apótek) | 1 | | 23.750 |
| 285101 | Málmiðn; sandblástur | 1 | | 38.000 |
| 285201 | Málmiðn; blikksmíði með lítið umfang | 0,5 | | 5.938 |
| 351102 | Málmiðn; flotkví | 1 | | 59.375 |
| 285202 | Málmiðn; járn-, ál- og stálsmiðja | 0,5 | | 23.750 |
| 291100 | Málmiðn; vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði | 0,5 | | 23.750 |
| 292301 | Málmiðn; kælitækjaþjónusta, viðgerðir og nýsmíði | 0,5 | | 23.750 |
| 401002 | Málmiðn, spennaviðgerðir | 0,5 | | 19.000 |
| 275001 | Málmsteypa < 20 tonn á dag | 0,5 | | 19.000 |
| 524621 | Málningarvöruverslun | 1 | | 49.875 |
| 285100 | Meðferð og húðun málma | 1 | | 38.000 |
| 514420 | Merkingarskyld efnavara (minni háttar) | 0,5 | | 15.438 |
| 514421 | Merkingarskyld efnavara | 1 | | 49.875 |
| 515702 | Móttaka brotamálms | 2 | | 85.500 |
| 515703 | Móttaka á úrgangi til endurnýtingar | 1 | | 35.625 |
| 555102 | Mötuneyti | 1 | 1 | 48.500 |
| 555101 | Mötuneyti, lítið (allt að 25 gestir) | 1 | | 28.500 |
| 151302 | Niðursuðuverksmiðja | 0,5 | | 19.000 |
| 930409 | Nuddstofa | 0,5 | | 13.062 |
| 212101 | Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla | 0,5 | | 16.625 |
| 252101 | Plastiðnaður, vinnsla með plast og frauðefni | 0,5 | | 16.625 |
| 222291 | Prentiðnaður | 0,5 | | 16.625 |
| 245100 | Pökkun á sápuefnum | 1 | | 33.250 |
| 314001 | Rafgeymaverksmiðja og verkstæði | 0,5 | | 15.438 |
| 316201 | Rafvélaverkstæði | 0,5 | | 15.438 |
| 151302 | Reykhús og/eða reykofn | 0,5 | | 19.000 |
| 514421 | Sala á vörum sem innihalda hættuleg efni og eiturefni | 1 | | 49.875 |
| 524991 | Sala (minni háttar) á vörum sem innihalda hættuleg efni og eiturefni | 0,5 | | 15.438 |
| 555201 | Sala á tilbúnum mat, lítil | 2 | 1 | 77.000 |

| Númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Sýnafjöldi | Gjald kr. |
|---|---|---|---|---|
| 555202 | Sala á tilbúnum mat | 2 | 1 | 96.000 |
| 853140 | Sambýli | 0,5 | | 14.250 |
| 554004 | Samkomusalir | 0,5 | | 14.250 |
| 851411 | Sjúkraþjálfun, endurhæfing o.þ.h. | 0,5 | | 14.250 |
| 926108 | Skíðasvæði, lyftur og viðgerðaraðstaða | 1 | | 66.075 |
| 927201 | Skotvöllur | 1 | | 23.750 |
| 900002 | Skólphreinsistöð > 10.000 pe | 1 | | 45.000 |
| 900003 | Skólphreinsistöð, aðrar | 1 | | 38.000 |
| 553014 | Skyndibitastaður, lítill, veitingaverslun eða veitingastofa | 2 | 1 | 81.750 |
| 553015 | Skyndibitastaður og/eða veitingahús | 2 | 2 | 106.000 |
| 553017 | Smáhýsi (matvörudreifing) eða matsöluvagn | 1 | | 43.750 |
| 522400 | Smásala á innpökkuðu sælgæti o.þ.h. | 0,25 | | 4.750 |
| 930202 | Snyrtistofa | 0,5 | | 14.250 |
| 523301 | Snyrtivöruverslun | 1 | | 19.000 |
| 523100 | Snyrtivara, matvara, sérhæfð verslun s.s. apótek | 1 | | 23.750 |
| 523302 | Snyrtivörusala, minni háttar | 0,5 | | 9.500 |
| 900007 | Sorpflutningar og sorphirða | 1 | | 40.375 |
| 930407 | Sólbaðstofa | 1 | | 33.250 |
| 401001 | Spennistöð | 0,5 | | 15.438 |
| 900005 | Spilliefnaflutningar og móttaka spilliefna | 1 | | 40.375 |
| 267000 | Steinsmíði | 1 | | 28.500 |
| 267001 | Steinsmíði, minni háttar | 0,5 | | 14.250 |
| 801004 | Sumarbúðir | 1 | | 33.250 |
| 153301 | Sultu- og ávaxtagrautargerð | 1 | 1 | 53.250 |
| 926101 | Sund- og baðstaður, lítill | 3 | 2 | 120.750 |
| 926102 | Sund- og baðstaður | 5 | 5 | 218.750 |
| 158401 | Súkkulaði- og sælgætisgerð | 1 | 0,5 | 52.750 |
| 851311 | Tannlæknastofa | 0,5 | | 26.125 |
| 158600 | Te- og kaffiframleiðsla | 0,5 | 0,5 | 21.875 |
| 552203 | Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði | 1 | | 26.125 |
| 521130 | Tóbakssala | 2 | | 38.000 |
| 203092 | Trésmiðja, án lökkunar og/eða lítið umfang | 0,5 | | 16.625 |
| 203091 | Trésmiðja, með lökkun og/eða mikið umfang | 1 | | 33.250 |
| 401003 | Varaaflstöð, olíubirgðir < 1.600 l | 0,5 | | 16.625 |
| 401004 | Varaaflstöð, olíubirgðir > 1.600 l | 1 | | 30.875 |
| 524992 | Varahlutaverslun, minniháttar sala á vörum sem innihalda hættuleg efni og eiturefni | 0,5 | | 15.438 |
| 410002 | Vatnsveita og vatnsból 30.000 – 40.000 íbúar | 25 | 25 | 975.000 |
| 410003 | Vatnsveita og vatnsból 25.000 – 30.000 íbúar | 22 | 22 | 858.000 |
| 410004 | Vatnsveita án vatnsbóls > 5.000 íbúar | 12 | 22 | 516.000 |
| 410005 | Vatnsveita án vatnsbóls 1.000 - 5.000 íbúar | 4 | 4 | 137.000 |
| 410006 | Vatnsveita og/eða vatnsból < 1.000 íbúar | 1 | 1 | 39.250 |
| 410007 | Vatnsveita, einkavatnsból | 1 | 1 | 39.250 |
| 5020017 | Verkstæði fyrir þungavinnutæki | 1 | | 57.000 |
| 514420 | Verslun með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni, minniháttar | 0,5 | | 15.438 |
| 526201 | Verslunarmiðstöð | 1 | | 38.000 |

| Númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Sýnafjöldi | Gjald kr. |
|---|---|---|---|---|
| 524991 | Véla- og tækjasala, minniháttar sala á vörum sem innihalda hættuleg efni og eiturefni | 0,5 | | 15.438 |
| 351102 | Viðhald skipa | 1 | | 59.375 |
| 851144 | Vistheimili | 0,5 | | 14.250 |
| 631202 | Vörugeymsla | 1 | | 33.250 |
| 631203 | Vörugeymsla, lítil | 0,5 | | 15.438 |
| 930102 | Þvottahús og/eða efnalaug | 1 | | 33.250 |